

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.

1. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar og sömu orða hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Í stað orðsins „umhverfismörk“ í 15. tl. 3. gr. reglugerðarinnar og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): viðmiðunarmörk.

3. gr.

21. töluliður 3. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

4. gr.

22. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 10. febrúar 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Stefán Guðmundsson.